

- 13 B. Á fiskiskipum frá 12—50 rúmlestir í innanlandssiglingum:
30. jan. a. Til yfirmanna kr. 1200.00
 b. Til annarra skipverja — 1100.00
 c. Á skipum 12 rúmlesta eða stærri, er skipverjar búa ekki í, til skipverja — 500.00
 Á upphæðir þær, sem um getur í A- og B-lið, skal greiða verðlagsuppbót. .

3. gr.

Nú hefur skipverji misst við sjóslys bækur, sjófræðiáhöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi til þess að geta innt þar af hendi starf sitt, og hann átti sjálfur að leggja sér til, og skal þá útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, umfram bætur þær, er ræðir um í 2. gr.

4. gr.

Nú er sá maður látinn, er átti eignir þær, sem bæta skal, og ganga þá bæturnar til bús hans eða erfingja. Skal, er þannig stendur á, greiða hámark bóta samkvæmt 2. gr.

Sé sá, sem eignirnar átti, hins vegar á lífi, skal honum skylt að gefa að viðlögðu drengskaparorði, skýrslu um muni þá, er hann hefur misst, og sennilegt verð þeirra.

Reglur þessar öðlast gildi 15. febrúar 1945 og falla þá jafnframt úr gildi reglur nr. 61 10. júlí 1931, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1945.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

14
1. febr.

AUGLÝSING

frá atvinnumálaráðuneytinu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, hefur atvinnumálaráðuneytið ákveðið að leyfa ekki útflutning á ísuðum fiski í erlendum flutningaskipum, öðrum en færeyskum, nema hann fari fram á vegum ríkisstjórnarinnar og er því öllum öðrum óheimilt að flytja út ísaðan fisk með slíkum skipum.

Sá ágóði, sem verða kann af þessum útflutningi, verður notaður til verðjöfnunar og til fyrirgreiðslu á útflutningi fiskisins og annarri hagnýtingu aflans, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. febrúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.